

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi	Fundur nr. 27/2017
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs (skype) Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi (skype) Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 8. ágúst 2017 Frá kl. 19:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	

Nr	Fundarefni	Verklok	Ábyrgur
1	Setning Marta Magnúsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún þakkar stjórn, sjálfboðaliðum og starfsfólki fyrir undirbúning og framkvæmd á World Scout Moot. Mótið gekk vel í alla staði og þátttakendur ánægðir.		MM
2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.		HS
3	Meginmál 1 Undirbúningur haustsins: Félagsforingjafundur 24. ágúst. MM hringdi í alla félagsforingja til að staðfesta þann fund. Meginatriði eru skipulagsbreytingar í skátamiðstöðinni og ráðning nýs framkvæmdastjóra og niðurstaða trúnaðarmáls kynnt. Þeir voru ánægðir með upplýsingaflæðið og vildu að við værum fyrst með fréttirnar. Pepp í poka 8.- 10. september. MM tekur sæti DÝÓ í undirbúningshópnum. BN og HÓV eru tvíbókaðar og eru að leysa úr þeim málum. NOPOLK er á sama tíma. MM leiðir verkefnið hér eftir. Öll ráð senda MM hverjir eru tengiliðir við verkefnið. Heimsóknir í skátafélögin 19., 21., 26. og 28. september. Einhverjar tilfæringar á skátafélögum og það vantaði eitt skátafélag á listann. DÝÓ leiðir verkefnið og staðsetningar eru að verða klárar. Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn mæti en til vara fulltrúar úr hverju ráði fyrir sig. Gert er ráð fyrir að stjórn og sveitaforingjar mæti á fundinn sinn. Fundinum verður skipt	4.1	MM

	upp í vinnuhópa þannig að öll sjónarmið komist á framfæri. Markmiðið að hafa þetta léttu og skemmtilega fundi, brjóta upp með leikjum ofl.		
4	Meginmál 2 Alþjóðleg könnun á vegum alþjóðaráðs. JPG svaraði könnuninni eftir bestu getu. Skátahreyfingin snertir yfir 6.000 skáta með því að telja öll sumarnámskeið með. Skólabúðirnar á Úlfliótsvatni eru ekki taldar með. Skátahreyfingin nær til þessara barna með þeim gildum og uppeldisaðferðum sem hreyfingin stendur fyrir. Okkar tölur í stefnumótuninni er að auka vetrarskátun og ná þeim fjölda í 5.000 fyrir árið 2020. JPG talaði um að þessi tala væri samþykkt á skátapiangi ásamt okkar stefnumótun. Við stefnum á að auka útibú á landsbyggðinni, koma upp rekka- og róverdagskrá, auka gæðin í foringjastarfi og stækka baklandið í félögum.		JPG
5	Trúnaðarmál Bókað í trúnaðarbók		HS
6	Önnur mál		Allir
6.1	Beiðni um stuðning/meðmæli (endorsement) vegna þátttöku í nefndum hjá WOSM á heimsvísu. Fv. skátahöfðingi, Bragi Björnsson, hefur óskað eftir stuðningi/meðmælum (endorsement) vegna setu í nefndum fyrir heimssamtök skáta. Bragi gegndi formennsku laganefndar á síðasta tímabili. Stjórn BÍS samþykkir að styðja þátttöku hans í nefndum og senda bréf þess efnis á nýja stjórn heimssamtakanna að undangengnu samþykki BB.		MM
6.2	Drög að samkomulagi vegna ÚV. HS sendir drögin á stjórn og það verður til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi.		HS
6.3	Starfslok. Guðmundur Finnbogason hefur látið af störfum. Stjórn BÍS þakkar honum fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi. Hann verður í hlutastarfi fram að áramótum. Elín Ester mun taka við hans starfi fram til áramóta en fær stuðning í fjármálum og áætlanagerð. Umræður voru um næstu skref og helstu skipulagsbreytingar fram undan. Ákveðið var að taka Úlfliótsvatn fyrir stjórnarfundum innan mánaðar.		
6.4	Fararstjóri World Scout Jamboree 2019. Guðmundur Finnbogason hefur verið skipaður fararstjóri þessarar ferðar.		JPG
6.5	Skipulagsbreytingar næstu skref. Samþykkt að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra um helgina. Umsóknarfrestur er til 20. ágúst. HS falið að koma auglýsingum í farveg.		MM/HS
6.6	Hulda Sólrún Guðmundsdóttir. Stjórn hefur ákveðið að styrkja hana og greiða útlagðan ferðakostnað sem tengist hennar störfum fyrir Evrópastjórn WOSM að upphæð 250.000 kr.		HS
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.		

Úr viðburðadagatali BÍS:

24. ágúst	Pottapartý í Reykjadal
26	Gilwell 1. skref
26.-27.	VISTA-helgi
4. sept	Foringjaspjall sveitarforingja
8.-10.	"Pepp í poka"
8.-10	Nordic Forum for programme and training (NOPOLK) Finnland
15-17	Hautspepp leiðtogaþjálfun
18.-22	Heimsþing WAGGGS (Indland)
19., 21., 26., 28.	Heimsóknir í skátafélög, svæðisbundið
21	Vítamínkvöld - Erfiði skátinn
23	Forsetamerkisafhending
23.-24.	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
30	Gilwell 1. skref
4. okt	Forvarnadagurinn 4. okt - óstaðfest??
9	Endurfundir skáta
19	Vítamínkvöld - Verndum þau námskeið
26	Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS
20.-22.	JOTA-JOTI - tékka af dagsetningu
6-8	Rödd ungra skáta
	Öræfalíf rekkaskáta - í skoðun
28.-3	The Academy